SPRETTUR

Garðabær

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Garðatorgi 7

210 Garðabæ.

Kópavogi, 20.12. 2018

Efni: Gatnagerð á Kjóavöllum.

Eins og kunnugt er hefur verið ásókn í að fá úthlutað hesthúsalóðum á Kjóavöllum, félagssvæði hestamannafélagsins Spretts. Forsenda þess að af úthlutun hesthúsalóða geti orðið er að ráðist verði í gatnagerð á svæðinu og liggur þá beinast við að horfa til tveggja gatna, Æsuvalla og Sunnuvalla, en með þeirri gatnagerð væri hægt að koma skolplögn og heitu vatni yfir á Andvarasvæðið, sem brýn þörf er á.

Í byrjun árs 2017, auglýsti Garðabær eftir að þeir sem hefðu áhuga á að fá úthlutað hesthúsalóðum á svæðinu myndu skrá sig fyrir tiltekinn tíma. Var niðurstaðan sú að á þriðja tug einstaklinga skráði sig, en síðan hefur lítið gerst í málinu utan þess að málið var kynnt á aðalfundi félagsins af fulltrúum Garðabæjar, haustið 2017.

Með ofangreint í huga og því að nauðsynlegt er fyrir Sprett að fá fleiri iðkendur á svæðið til að standa undir þeirri miklu uppbyggingu sem ráðist hefur verið í á Kjóavöllum, hefur vaknað sú hugmynd að kannað verði hvort ekki fari best á því að Sprettur sjái um gatnagerð og úthlutun lóða í umsjá og undir eftirliti Garðabæjar. Var svipuð leið farin á árinu 2012 þegar ráðist var í mikla og flókna uppbyggingu á Kjóavöllum(reiðhöll/vellir) og þótti takast afar vel. Það er mat stjórnar Spretts að þessi leið sé fær kostnaðarlega miðað við skoðun sem gerð hefur verið, svo fremi sem eftirspurn eftir lóðum verði næg.

Með vísan til ofanritaðs óskar hestamannafélagið Sprettur eftir afstöðu yfirvalda í Garðabæ til þessara hugmynda.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

formadur@sprettarar.is

844-4462

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026